



473.fundur Þingvallanefndar

Miðvikudaginn 10.júní 2020

Skrifstofa kl 11:30

Mættir: : Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Hanna Katrín Friðriksson, Líneik Anna Sævarsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson og Karl Gauti Hjaltason.

Páll Magnússon boðar forföll. Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setur fund.

Dagskrá:

1. Fjárhagsleg staða þjóðgarðsins

Þjóðgarðsvörður gerir grein fyrir bréfi sem sent var þann 29. maí til Umhverfis og auðlindaráðuneytisins vegna fjárframlags til rekstrar þjóðgarðsins á rekstrarárinu 2020 en svör hafa ekki borist. Rætt um fjárþörf þjóðgarðsins og þá staðreynd að framlag til þjóðgarðsins á fjárlögum hefur verið óbreytt frá árinu 2010 að krónutölu þrátt fyrir gríðarlega fjölgun ferðamanna, uppbyggingar og meiri þjónustu á síðasta áratug. Þingvallanefnd felur þjóðgarðsverði að gera tillögu að bréfi til Umhverfis og auðlindaráðuneytisins og fjárlaganefndar Alþingis til að vekja athygli á þessu og að fara fram á leiðréttingu til framtíðar.

2. Útvistun verslunarrekstrar

Þjóðgarðsvörður segir frá fundi með Ríkiskaup vegna undirbúnings að verkefni um útvistun búða og tímalínu.

3. Þjóðgarðsvörður segir frá starfsemi og framkvæmdum í þjóðgarðinum í sumar og framundan.

4. Sumarbústaðarmál - Efristígur 3

Þingvallanefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti og heimila framsal lóðaleiguréttinda á Efristíg 3.

Önnur mál:

Formaður gerir grein fyrir uppgjöri við Capacent vegna ráðningar þjóðgarðsvarðar. Capacent samþykkti að endurgreiða Þingvallanefnd helmingis kostnaðar við ráðningarferlið. Capacent hefur verið lýst gjaldþrota og hefur lögmaður Þingvallanefndar sett fram í kröfu í þrotabúið.

Fundi slitið 12:50